

Stjórnarfundur KAÍ 16.8.2022 kl. 12 á skrifstofu KAÍ, Íþróttamiðstöðinni.

Mættir: Reinharð, Elías Guðni, Elías Snorra, Bjarni og á Zoom: María.

1. Mótamál – undirbúningur fyrir haustið. Ákveðið að halda ÍM og ÍMU í kumite laugardaginn 8. Október í Fylkisselinu. Elías Guðna ætlar að fá staðfest að húsið sé laust þann dag.

Mæja ætlar að senda út beiðni til félaganna um að finna hús fyrir Bikarmótið og 3ja GrandPrix mótið þegar hún kemur aftur til landsins í byrjun september.

Ætlar líka að senda dagana á medíkana til að athuga hvort þeir eru lausir.

RIG24 verður haldið laugardaginn 29. Janúar 2024 í Laugardalshöllinni.

2. Landsliðsmál – Landsliðsnefndin fundaði í síðustu viku og tók fyrir val á landsliðsþjálfara í kata til næstu tveggja ára. Nefndin lagði til við stjórn KAÍ að ganga til samninga við Magnús Kr. Eyjólfsson. Tillagan borin upp við stjórn og samþykkt einróma. Samningur við Magnús verður undirritaður síðar í dag.

Gengið hefur verið frá flugi á Smáþjóðamót í Lichtenstein í september og bókað hótél fyrir hópinn. Stefnir í að 27 fari frá KAÍ á mótið.

Reynt verður að færar fyrirhugaðar æfingabúðir í kumite 9-11. september þar sem stór hópur keppenda frá KFR er að fara á Gladsaxe Cup sömu helgina.

Fundarritari: Reinharð Reinharðsson